

verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera.

Kærði A. Kvernberg á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist úr landssjóði, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 15 krónur til hvors.

Nr. 20/1910:

Réttvísinn

gegn

Páli Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 2. febrúar þ. á., var ákærði, Páll bóndi Sigurðsson frá Butru í Austur-Landeyjahreppi, dæmdur fyrir sauðapjófn að og aðra ólöglega töku á kindum í 15 mánaða betrunarhússvinnu samkvæmt 231. gr., 1. málslíð, 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 58.

og 63. gr. sömu laga, svo og til að greiða í iðgjöld til Jóns Guðmundssonar í Búðarhólsausturhjáleigu, Guðna Guðmundssonar í Skækli og Sigurðar smiðs Ólafssonar í Vestmanneyjum, 8 kr. 50 a. til hvers, og til Magnúsar Þórðarsonar á Voðmúlastöðum 6 kr. Loks var hann og dæmdur til að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns í héraði, Einarssonar í Vestri-Garðsauka.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu ákærða sjálfs, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að hann haustið 1907, en það ár byrjaði hann búskap á fyrnefndri jörð Butru, tók ófrjálstri hendi 1 kind, og næsta haust, 1908, á tæpum 2 mánuðum, í október og nóvember, 13 kindur, er aðrir menn áttu, og voru atvik að kindatökum þessum þau, er nú skal greina.

Kindin, sem ákærði kastaði eign sinni á haustið 1907 var hrútlamb, er hann tók í Voðmúlastaðarétt, í fjársafni þar, og var ákærða það ljóst, er hann tók lambið, að hann átti það ekki. Ákærði rak lambið heim til sín og markaði sér það, eins og margar fleiri af kindum þeim, er hann dró sér ólöglega, undir mark, er hann lengi undir prófunum eignaði mági sínum í Vestmanneyjum, en síðan játaði að hann hefði aukið, til þess að gjöra það hentugra sem undanfæringarmark. Það hefir ekki orðið upplýst um eiganda að lambi þessu.

Haustið 1908 tók ákærði fyrst 2 lömb í Voðmúlastaðarétt og vissi hann að hann átti hvorugt þeirra, en var einnig ókunnugt um eigendur þeirra. Annað lambið sannaðist síðar vera eign Björns bónda Tyrfingssonar á

Bryggjum og hefir haun fengið það aftur. Ákærði rak bæði lömbin heim til sín úr réttinni og markaði annað þeirra áður umgetnu undanfæringarmarki sínu, það lambið er Björn Tyrfingsson átti, en hitt undir mark annars manns, er hann lét það til upp í slægjukaup.

Í sömu rétt, í öðru safni, dró ákærði sér hvíta á, 2 vetra, eign Guðlaugs bróður síns og með hans fjármarki. Tók ákærði kind þessa með þeim ásetningi að kasta eign sinni á hana, og er heim kom skar hann ána og hagnýtti sér afurðir hennar. Þá tók ákærði veturgamla á, er hann vissi að Sigurður smiður Ólafsson í Vestmannaeyjum átti, skar hana og hagnýtti sér. Kom ær þessi fyrir í heimalandi ákærða, við smölun þar til síðustu lög-réttar, og tók hann hana þá til sín með sínum kindum, en rak hitt ókunnuga féð, er fyrir kom við smölunina, til réttarinnar. Hefir verið krafist iðgjalda fyrir kind þessa fyrir eigandans hönd.

Þá kastaði ákærði eign sinni á lamb, er hann vissi að átti Björn Guðmundsson á Rauðnefsstöðum og var með hans marki, og markaði það með undanfæringarmarkinu. Lamb þetta var um veturnætur komið saman við fé ákærða í smalamensku, og tjáist ákærði hafa ætlað að segja eigandanum til þess og bjóða honum að fóðra það, en hafi svo hætt við það og markað sér lambið, þegar komið var undir jól.

Enn skar ákærði sauð veturgamlan og hagnýtti sér, er átti Jón Guðmundsson í Búðarhólsausturhjáleigu. Hafði kind þessi hlaupið saman við kindur ákærða sjálfs, er hann rak heim á leið á undan sér úr Voðmúlastaðarétt, og tókst ákærða ekki að skilja hana úr rekstrinum, þótt hann reyndi það, en þegar heim kom, afréð hann að

draga sér hana. Eigandinn hefir krafist endurgjalds fyrir kind þessa.

Um líkt leyti tók ákærði veturgamla á, er hann af markinu sá að Guðni bóndi Guðmundsson á Skækli átti, og skar hana sem sína eign, en kind þessi kom fyrir í fé hans, er hann rak það eitt sinn saman í heimalandi, til þess að taka úr því kindur til skurðar. Endurgjalds hefir verið krafist fyrir þessa kind. Þá hefir ákærði játað að hafa tekið undir sig veturgamlan sauð og lamb, er Guðlaugur bróðir hans átti. Tók ákærði kindurnar ásamt fé nokkuru, er hann sjálfur átti á bænum Tjörnum, og og rak þær heim til sín og hýsti þær þar. Þykist hafa ætlað að koma þeim til skila fyrst í stað, en morguninn eftir að hann kom, ásetti hann sér að draga sér kindurnar og skar þá veturgömlu kindina, en lambið markaði hann undanfæringarmarki sínu.

Næsta dag var ákærði staddur í svonefndri Miðeyjarrétt og tók þar, í því skyni að eigna sér þau, 2 lömb, sem hann vissi að hann átti ekki, en taldi sig þekkja mörk tveggja annara manna á, og rak hann lömbin heim til sín og markaði þau undanfæringarmarki sínu. Menn þeir, er ákærði ætlaði eigendur lambanna, hafa þó ekki getað helgað sér þau.

Þá hefir ákærði enn játað að hafa seinna um haustið skorið og hagnýtt sér 2 lömb, sem hann í fyrstunni hélt að hann ætti sjálfur, en síðan sannfærðist um að myndi hafa átt Magnús Þórðarson á Voðmúlastöðum. Þykist ákærði, sem ekki þekti mark Magnúsar, hafa vilst á útliti eyrnanna og ætlað, að sitt mark á þeim hafi aflagast af kali, en síðan hafi hann horfið frá því, er hann fekk að vita mark Magnúsar, og einkum er hann sá, að það

gat eigi samrýmst lambatölu hans, að hann ætti þessi lömb. En þessa skýrslu ákærða þykir mega taka trúanlega. Fyrir lömb þessi hefir eigandinn krafist endurgjalds.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir aldrei fyr sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Afbrot hans ber að heimfæra undir 231. gr., 1. málslíð og 250. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 63. grein þeirra, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin af undirdómaranum 15 mánaða betrunarhússvinna. Og með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað í héraði, ber að staðfesta téðan dóm að öllu leyti. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Páll Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.